

# 2002

## Ársskýrsla Norræna umhverfismerkisins Svansins



Norræna Umhverfismerkið  
Umhverfismerkisráð Íslands



## Norræna umhverfismerkið Svanurinn

Flestir vilja leggja sitt af mörkum til að vernda umhverfi sitt og náttúru og búa þannig bæði sér og afkomendum sínum betri framtíð. Við, hvert og eitt, getum gert ýmislegt til að minnka umhverfisálag, t.d með því að spara rafmagn, reyna að ganga í staðinn fyrir að keyra þegar hægt er og með því velja alltaf þá vöru, sem hefur minnst álag á umhverfið í för með sér. Vandamálið er hins vegar að það er ekki alltaf auðvelt að gera sér grein fyrir því hvaða vara það er hverju sinni. Fæst okkar hafa aðgang að þeim upplýsingum sem þarf til að ráða það af innihaldslýsingu framleiðandans t.d hvort þvottaefnið sem við erum með í höndunum er betra eða verra fyrir umhverfið en næsta tegund í búðarhillunni. Sumir framleiðendur staðhæfa að varan þeirra sé umhverfisvæn, og búa jafnvel til sitt eigið umhverfismerki, en því miður kemur yfirleitt ekki fram hvaða eða hversu mikið tillit hefur verið tekið til umhverfisþátta við hönnun og framleiðslu vörunnar.

### Eins góð og aðrar en betri fyrir umhverfið!

Hér kemur Svanurinn til sögunnar, sem og önnur viðurkennd umhverfismerki á borð við Bra Miljöval og Evrópublómíð. Neytendur geta verið vissir um að þær vörur, sem bera þessi merki hafa verið þróaðar og framleiddar undir ströngu eftirliti sérfræðinga á hverju sviði, með það fyrir augum að jafnt framleiðsla þeirra sem notkun leiði til minnsta mögulegs álags á náttúruna, án þess þó að það komi niður á gæðum vörunnar.




## Norræn samvinna um sjálfbæra þróun

Umhverfismerkið Svanurinn er samvinnuverkefni Norðurlandanna. Norræna ráðherranefndin ákvað árið 1989 að setja Norræna umhverfismerkið Svaninn á fót til að efla sjálfbæra þróun. Norræna umhverfismerkið er hvítur svanur á grænum grunni, og kallast einfaldlega Svanurinn í daglegu tali. Svanurinn er lögverndað skrásett vörumerki og trygging neytenda fyrir því, að varan sem skartar honum er gæðavara sem skaðar umhverfið minna en aðrar, sambærilegar vörur.

## Stjórnarfyrikomulag

Embættismannanefnd Norrænu ráðherranefndarinnar sem fer með neytendamál setur Norrænu umhverfismerkisnefndinni (Nordisk MiljömärkningsNämd) vinnureglur. Í NMN sitja allir helstu ráðamenn Svansins frá öllum

Norðurlöndunum. Þarna sitja framkvæmdastjórar og stjórnarformenn land- skrifstofa Svansins, og þeir sem stjórna vinnu við viðmiðunarreglurnar (sjá neðar). NMN mótar stefnu Svansins og ákveður hvaða vöruflokka sé hentugt að umhverfismerkja. Í hverju landi er síðan umhverfismerkjaráð sem sér um stefnumótun í samræmi við norræna stefnu, og stjórn sem leggur línurnar um daglegan rekstur samkvæmt fyrirmælum ráðsins.



## Svanurinn á Íslandi

Hér á Íslandi sér Hollustuvernd ríkisins um málefni Svansins. Hins vegar eiga helstu hagsmunaaðilar möguleika á að taka þátt í stjórnun og móta stefnumál Svansins því þeir sitja í **Umhverfismerkjaráði** sem mótar stefnumál Svansins og leggur línurnar fyrir **stjórn** Svansins. Stjórnin tekur síðan ákvarðanir varðandi daglegan rekstur Svansins. Í umhverfismerkjaráði sitja m.a. fulltrúar Verslunarráðs Íslands, Staðlaráðs Íslands, Samtaka verslunar og þjónustu, Landverndar, Hollustuverndar ríkisins og Umhverfisráðuneytisins.. Í stjórn sitja síðan sami formaður og í ráðinu en stjórnarmenn eru fulltrúar Samtaka iðnaðarins, Neytendasamtakanna, og Hollustuverndar ríkisins. Þar með skal tryggt að helstu hagsmunaaðilar geti haft áhrif á málefni Svansins.

Einn starfsmaður í 70 % starfi sér um málefni Svansins á Íslandi, m.a. norrænt samstarf, ráðgjöf og aðstoð við íslensk fyrirtæki sem sækja um Svaninn, skrásetningar á erlendum Svansmerktum vörum og kynningu á Svaninum.

Í árslok 2002 var Hollustuvernd ríkisins lögð niður, en Umhverfisstofnun tók við verkefnum hennar, þ.á.m. norræna umhverfismerkinu. Samtímis eru fyrirhugaðar breytingar á stjórnun Svansins á landsvísu en þær breytingar eru ekki í garð gengnar þegar þetta er skrifað (ársbyrjun 2003) en verða væntanlega kunngerðar á næsta ári.



## Saga Svansins

Umhverfismerkið Svanurinn er samvinnuverkefni Norðurlandanna og var því komið á fót 1989 af norrænu ráðherranefndinni. Svíar, Norðmenn og Finnar hófu samstarf um norræna umhverfismerkingu það ár, en Íslendingar bættust í hópinn 1991 og Danir 1997.

Fyrstu viðmiðunarreglurnar (sjá nánar næsta kafla) komu út 1991 og sama ár komu fyrstu svansmerktu vörurnar á markað. Svanurinn hefur vaxið og dafnað og er svo komið að gefnar hafa verið út yfir 50 viðmiðunarreglur og svansmerktar vörur eru hátt á þriðja þúsund á norrænum markaði.

Á síðustu árum hefur norræna umhverfismerkið fært úr kvíarnar og gert aðilum í þjónustugreinum mögulegt að notfæra sér umhverfismerkingarkerfið. Auk hótela er hér um að ræða t.d. bílþvottastöðvar, filmuframköllun og þvottahús, en verið er að semja viðmiðunarreglur fyrir ræstingaráþjónustu og dagvörubúðir.

## Varan okkar: Viðmiðunarreglurnar.

Segja má að norræn umhverfismerking sé “vöruframleiðandi”.

Varan okkar eru svokallaðar **Viðmiðunarreglur (Kriteria)**.

Í viðmiðunarreglunum eru sett fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá leyfi til að nota Norræna umhverfismerkið.

### Hvernig skilyrði eru þetta og hver ákveður þau ?

Skilyrðin eru margvísleg, eftir því um hvað er að ræða. Tökum sem dæmi skilyrði fyrir prentað efni. Það skiptir miklu máli hvaða pappír er notaður, pappírsframleiðsla getur valdið mjög miklu umhverfisálagi og því mikilvægt að velja pappír þar sem tekið hefur verið tillit til umhverfisáhrifa. Nýting á pappírnum er auðvitað mikilvæg. Hvað það varðar er skilyrði að ekki fari meira en 20% af pappírnum í afskurð í prentsmiðjunni. Litir, þvottaefni og ýmis kemísk efni eru notuð við prentun. Þessi efni eru óskaplega mismunandi þegar kemur að umhverfisáhrifum, svo að þar eru settar takmarkanir til að útiloka eitruð efni og stuðla að visthæfari framleiðsluháttum. Að sjálfsögðu eru einnig sett skilyrði um flokkun á sorpi og endurvinnslu. Sýna þarf fram á að spilliefni fari í efnamóttöku og svona mætti lengi áfram telja. Skilyrðin lúta að allri framleiðslunni, öllum hráefnum, kemískum efnum sem notuð eru og síðast en ekki síst, lokastigi vörunnar, í tilfelli prentgrips (bók, bæklingur o.s.frv) þarf hann að vera endurvinnsluhæfur, en ýmsir prentgripir í dag eru það ekki.

Ef við tökum annað dæmi, t.d. skilyrði fyrir hótél og farfuglaheimili, eru þau auðvitað nokkuð frábrugðin. Þar er t.d. sett skilyrði um að gestir geti flokkað það sorp sem frá þeim fer. Orku og vatnsnotkun verður að vera innan vissra marka. Kröfur eru gerðar um hvernig eigi að ræsta og plúspunktur fást fyrir að setja upp og brúka safnhaug o.fl. o.fl.

Viðmiðunarreglurnar eru sem sagt mjög sérhæfðar eftir því hvaða framleiðsla eða þjónusta sem um er að ræða.

Það er mjög vandasamt að búa til góðar viðmiðunarreglur. Þær þurfa að vera hæfilega strangar, þannig að þær stuðli óyggjandi að minna umhverfisálagi en í sama mund verða þau að vera raunhæf þannig að hluta framleiðenda sé mögulegt að standast kröfurnar.

Hjá Svaninum vinna ýmsir sérfræðingar við að setja saman viðmiðunarreglurnar, en einnig eru fengnir sérfræðingar úr atvinnulífinu til þess að gera viðmiðunarreglurnar raunhæfar og tryggja að þær séu nægilega vel aðlagðar því umhverfi sem þær eru ætlaðar.

Viðmiðunarreglurnar eru líka í sífelldri endurskoðun því framleiðslutækni breytist og fram koma nýjar visthæfari framleiðsluaðferðir sem taka þarf tillit til. Auðvitað kemur líka stundum í ljós þegar framleiðendur fara að nota viðmiðunarreglurnar að suma hluti er hægt að gera á einfaldari máta. Stundum hefur fylgt töluverð skriffinnska við að uppfylla skilyrðin, og er nú lögð mikil áhersla á að minnka hana og gera umsóknarvinnuna aðgengilega og einfalda fyrir framleiðendur.

## Hér fyrir neðan er listi með viðmiðunarreglum Svansins:

Alhliða hreinsiefni	Handþurrkukerfi	Prentarar og faxtæki
Bíldekk	Hljómflutningstæki	Rafhlöður, einnota
Bílhreinsivörur	Hótel	Rafhlöður, hleðslu
Bílapvottastöðvar	Húsgögn og innréttingar	Salernishreinsiefni
Jarðgerðartunnur	Iðnaðarhreinsiefni	Sápur og hársápur
Byggingaplötur	Íseyðingarefni	Sjónvörp
Dömubindi og þess háttar	Kaffisíur	Skriffæri
Dufthylki fyrir ljósritunarvélar og prentara	Leiðréttingarvökvi	Sláttuvélar
Tau og fatnaður	Lím	Smurolíur
Einmenningstölvur	Litlar varmadælur	Þurrklósett
Einnota bleiur	Ljósaperur	Þvottaefni
Eldhús- og salernispappír	Ljósritunarvélar	Umbúðapappi
Frysti- og ísskápar	Margnota bleiur	Umslög
Gluggar	Myndbandstæki	Uppþvottaefni
Gólfhreinsiefni	Olíupönnur og olíuofnar	Uppþvottalögur
Gólfklæðningar	Pappír til prentunar	Uppþvottavélar
	Prentað efni	Utanborðsmótorar
		Veggfóður

## Nýjar Viðmiðunarreglur árið 2002:

Í ár voru svo gefnar út fjórar nýjar viðmiðunarreglur, þ.e. fyrir vinnuvélar (fyrir garðvinnu ofl.), eldhústæki (hrærivélar, kaffivélar o.þ.h.) og filmuframköllun.



Sérfræðingar Svansins komust að því að um 20 000 tonn af kemískum efnum og 20 milljón fermetrar af ljósmyndapappír eru notuð árlega á Norðurlöndunum við framköllun mynda . Ef 15 % framköllunarfyrtækja gengi að skilyrðum Svansins myndu sparast 11 milljón kílóvattstundir og notkun á kemískum efnum minnka um 1800 tonn!

## Íslenskir Svanir

Starfsemi Svansins hefur aukist jafnt og þétt síðustu árin. Fyrsta svansmerkta varan sem framleidd var á Íslandi kom á markað 1998. Það var efnaverksmiðjan Frigg sem reið á vaðið, með þvottaefnið Marápon milt. Næsta leyfi fékk prentsmiðja GuðjónÓ. Það gerðist árið 2000 að undangenginni öflugri kynningu á Svaninum innan prentgeirans. Á þessu ári bættust síðan tvö ný Svansleyfi við. S.Hólm fékk Svansleyfi á iðnaðarhreinsinn Undra, sem m.a. er framleiddur úr tólg sem annars væri ekki nýtt og Hótel Eldhestar fékk leyfi fyrir Svansmerktri hótelpjónustu, en eins og nafnið bendir til bjóða forsvarsmenn hótelsins upp á hestaferðir fyrir ferðamenn.



Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra afhenti forsvarsmönnum Hótel Eldhesta Svansleyfi þann júlí 2002

## Einu sinni Svansmerkt – ekki alltaf Svansmerkt!

Þegar fyrirtæki fær leyfi til að merkja vöru eða þjónustu, er það til ákveðins tíma, því þegar framfarir verða í framleiðslutækni og umhverfismálum er hægt að herða skilyrðin. Þegar ný skilyrði (Viðmiðunarreglur) eru gefin út, þarf að sækja aftur um leyfi til að nota Svaninn og etv að gera breytingar á framleiðslunni til að uppfylla ný skilyrði Svansins. Þannig stuðlar Svanurinn að stöðugum framförum í umhverfismálum – og þar með að sjálfbærri þróun !

Viðmiðunarreglurnar fyrir prentiðnaðinn voru hertar á árinu og varð prentsmiðja **GuðjónÓ** því að fara í gegnum endurskoðun og ganga að nýjum skilyrðum Svansins en nýtt leyfi þeirra gekk í gildi á degi umhverfisins 5. júní 2002.



## Kynningarstarf 2002

Á þessu ári hafa verið haldnar tvær ráðstefnur. Sú fyrri, haldin í febrúar, fjallaði um umhverfi, framleiðslu, sölu og innkaup og var hún tvíþætt. Yfirskrift fyrri dagsins var "Góðar vörur - betra umhverfi" Ráðstefna fyrir framleiðendur, söluaðila, stjórnslu og ráðgjafa. Yfirskrift seinni dagsins var "Neytandi - Framtíðin er í innkaupakörfunni þinni".

Að ráðstefnunni stóðu Hollustuvernd ríkisins, Landvernd og Norræna umhverfismerkið. Ýmislegt fróðlegt kom fram á ráðstefnunni, m.a. afstaða fulltrúa íslenskra fyrirtækja og verslunarmanna, sem telja íslenska neytendur oft ekki mjög meðvitaða um umhverfismál. Þó kom fram að sala á lífrænni matvöru hefur aukist verulega á síðari árum. Fyrirtæki sem fengið hafa vottun fyrir umhverfisstjórnunarkerfi sín (Iso 14001) sem og annar af þáverandi svansleyfishöfum hafði ekki fundið fyrir neinum ávinningi á íslenskum markaði vegna góðrar frammistöðu í umhverfismálum. Einn aðili með lífræna vottun taldi sig hafa hag af vottuninni erlendis. Annar af tveim Svansleyfishöfum hafði hins vegar haft töluverðan ávinning af Svansleyfinu bæði í sölu sem og við að endurbæta framleiðsluaðferðir og aðbúnað starfsmanna.

Myndir af ráðstefnunni






Jóhannes Gunnarsson formaður Neytendasamtakanna tekur til máls



Krakkar úr krakkakoti með kanínuungana sívinsælu



Svanur frá Krakkakoti





Nokkur sýnishorn úr náttúruleiksskólanum Krakkakoti, spjöldin eru úr endurunnum pappírsmassa.

Á seinni hluta ráðstefnunnar kom mjög fjölbreyttur hópur, enda fulltrúar úr öllum aldurshópum. Erindin á ráðstefnunni fjölluðu um fjölskylduna og umhverfismálin og hvað við getum gert til að varðveita náttúruna. Einn fyrirlesara var frá Svíþjóð og fjallaði hann um hvaða afstöðu Svíar hafa til umhverfismála í dag, en þeir standa framarlega í mörgu varðandi umhverfismál. Krakkarnir úr náttúruleiksskólanum Krakkakoti voru afskaplega skemmtilegir og sögðu ráðstefnugestum m.a. hvernig þeir vildu sjá Ísland í framtíðinni. Þeir höfðu búið til mynd af Íslandi eins og þeir vildu ekki hafa það með fullt af rusli og skít og svo annað undragrænt Ísland með fullt af krökkum að leika sér. Forstöðukona leiksskólans, Erla Thomsen sagði einnig frá því frábæra starfi sem unnið er á leiksskólanum, en þar er mikil áhersla lögð á endurvinnslu, og nálægð við náttúruna. M.a. eru í leiksskólanum kanínur, fiskar, hænur og froskur. Það er gaman þegar agnarsmáir kanínuungar fæðast og börnin fylgjast vel með uppvexti þeirra. Eins og gengur deyjja líka stundum dýr á leiksskólanum og auðvitað er það sorglegt. En þannig kynnast börnin lífsins gangi, skin og skúrir skiptast á. Starfsmenn og börn af leiksskólanum höfðu ýmislegt skemmtilegt með sér á ráðstefnuna sem gaman var að sýsla með. Þau komu með kanínuungana sína sem krakkarnir voru afskaplega hrifnir af. Þau reistu endurvinnslusmiðju, og kenndu okkur hinum hvernig á að búa til nýjan pappír úr gömlum og við bjuggum til myndir úr allskonar “rusli”.

Í maí var síðan haldin ráðstefna um gistihús og umhverfismál. Sérfræðingahópur Svansins sem unnið hefur að endurskoðun viðmiðunarreglna fyrir gististaði hélt hér fund og var því upplagt að nota tækifærið og halda kynningarfund um endurbættar viðmiðunarreglur fyrir hótél og farfluglaheimili. Kynningarfundurinn var vel sóttur. Siv Friðleifsdóttir ávarpaði

fundargesti. Meðal erlendra fyrirlesara voru verkefnisstjóri Norrænnar umhverfismerkingar, Marie Fahlin sem stjórnar gerð viðmiðunarreglna um hótél og farfuglaheimili og Jan Peter Bergkvist, umhverfismálastjóri Scandic-hótélanna, en hann hefur tekið þátt í að móta viðmiðunarreglur Svansins. Íslenskir fyrirlesarar voru m.a. Ingibjörg Ólafsdóttir hótélstýra Hótel Íslands – Radisson SAS og Hróðmar Bjarnason, forsvarsmaður Hótel Eldhesta.

### Svanirnir sem bættust í hópinn

Starfsmaður Svansins lagði ríka áherslu á öflugna kynningu á nýjum íslenskum leyfum, og birtust fréttir af nýjum Svansleyfishöfum í fréttum ríkissjónvarpsins og í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

Neytendasamtökin hafa lagt áherslu á að veita upplýsingar um norræna umhverfismerkið í mál gagni sínu og er svo komið að grein um norræna umhverfismerkið er orðin fastur liður í Neytendablaðinu. Auk þessa hélt starfsmaður fyrirlestra, skrifaði nokkrar greinar um málefni norræna umhverfismerkisins og kom fram í tveimur útvarpsviðtölum.

### Svanurinn stuðlar að vistvernd í verki.

Landvernd hefur staðið fyrir öflugri kynningarátaki í verslunarmiðstöðvum, einstökum verslunum og á ráðstefnum á verkefninu Vistvernd í verki. Bæklingur um Svaninn var uppfærður og upplýsingablað með þeim umhverfismerkjum sem helst sjást hér í verslunum var gefið út í haust en þessi gögn voru til sýnis og dreifingar í kynningarbás vistverndar í verki.

### Svanurinn og netið

Miklar betrubætur eru fyrirhugaðar á upplýsingum um Svaninn á netinu og hófst undirbúningur fyrir þær á árinu. M.a. voru þýdd upplýsingablöð um viðmiðunarreglur sem settar verða á nýjan vef Umhverfisstofnunar (sem tók yfir verkefni Hollustuverndar í ársbyrjun 2003).

### Umsagnir gefa hagsmunaaðilum tækifæri á að hafa áhrif.

Þegar sérfræðingar Svansins hafa lokið við viðmiðunarreglur eru þær sendar út til hagsmunaaðila. Þar með gefst þeim kostur á að hafa áhrif á viðmiðunarreglurnar. Umsagnirnar eru síðan skoðaðar og betrubætur gerðar á skilyrðum ef í ljós kemur að þeim er ábótavant eða ef þau eru einhverra hluta vegna illa framkvæmanleg. Að síðustu eru viðmiðunarreglurnar sendar Norrænu umhverfismerkisnefndinni til samþykktar. Tillaga að viðmiðunarreglum fyrir dagvörubúðir var send búðareigendum og öðrum hagsmunaaðilum í haust til kynningar og umsagnar.

## Hversu þekktur er Svanurinn?


Svanurinn er best þekktur umhverfismerkið á Norðurlöndunum. Hins vegar er þekking almennings landanna mjög mismunandi. Yfir 90% Svía þekkja Svaninn, eitthvað færri í Noregi og Finnlandi en einna minnst er þekkingin á Íslandi og í Danmörku eða í kringum 50%. Danir gengu inn í samstarfið um Svaninn árið 1997, og eru kynni dana af Svaninum því ekki löng.

Hér á Íslandi hefur ekki verið lögð eins rík áhersla á umhverfismál eins og á hinum norðurlöndunum, þó er það að breytast. Samkvæmt Gallupkönnunum sem gerðar voru 1998, 2000 og 2002 hefur þekkingin á Svaninum síðustu árin vaxið töluvert.

Svanurinn hefur ekki verið markaðssettur svo heitið geti á Íslandi, og er það ein helsta ástæða þess hversu takmarkað Íslendingar þekkja til Svansins.

Gerðar hafa verið Gallupkannanir á afstöðu almennings til umhverfsvænna vara og þekkingu á Norræna Umhverfismerkinu Svaninum. Í stöplaritinu hér að neðan er gerður samanburður á niðurstöðum einnar af þeim fimm spurningum sem lagðar voru fyrir almenning á norðurlöndunum árið 2000 og 2002 á Íslandi, sem og niðurstöðum úr sömu könnun á Norðurlöndunum í heild árið 2002. Kannanirnar voru gerðar fyrir Norræna Umhverfismerkið. Heildarniðurstöður Gallupkannanna er hægt að nálgast hjá starfsmanni Norræna umhverfismerkisins í Umhverfisstofnun.

### Kemur það fyrir að þú athugar hvort vörur sem þú kaupir séu umhverfsvænar?



### Að lokum:

Ég og þú höfum heilmikið um það að segja hvernig vörur eru á markaði. Framboðið ræðst af eftirspurninni. Við höfum samsagt öll einhver áhrif. Enginn getur gert allt en öll getum við gert eitthvað!

Umhverfismerktar vörur eru góðar fyrir okkur öll og umhverfið!

### Fjárhagsyfirlit 2002

**Tekjur:** Tekjur af veltugjöldum voru 1335 þúsund kr. en ríkisframlag var 4.475 þúsund kr., að auki átti norræna umhverfismerkið 494 þús. kr. frá árinu 2001, samtals 6.304 þús. kr.

Útgjaldaliðir voru sem hér segir:

Kynningarstarfsemi:.....	311
Vinna sérfræðinga vegna viðmiðunarreglna: .....	380
Norrænt samstarf þ.m.t. kostnaður vegna fundahalds og ferða.....	367
Daglegur rekstur þ.m.t. skrifstofukostn og laun.....	<u>4.475</u>
	Samtals:5.533 þús kr.

Afgangur varð 771 þús. kr. sem notaður verður til kynningarmála síðar.